



**Ávarp forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á fjölskylduhátíð í Valaskjálfi
í opinberri heimsókn til Fljótsdalshéraðs**

**Egilsstöðum
12. sept. 2018**

Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar,
ágætu Héraðsbúar,
aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég kærlega þá gestrisni og velvild sem við höfum notið í heimsókn okkar hingað á Fljótsdalshérað. Í dag höfum við farið víða, hitt fólk og rætt um landsins gagn og nauðsynjar, kynnt okkur blómlegt mannlíf og atvinnuhætti. Á morgun bíða okkar frekari mannfundir. Hingað er indælt að koma!

Já, við hjónin njótum ferðarinnar. Að henni lokinni verðum við margs vísari, snúum heim reynslunni ríkari. En hvað er annars fengið með þessari heimsókn? Hvað býr að baki? Brýnt er að Íslendingar, allir sem búa í okkar fallega landi, finni að þeir eru hluti samfélagsins, að við búum hér saman sem ein fjölskylda. Þess vegna hafa allir fyrri forsetar landsins kappkostað að ferðast um landið, koma víða við, kynnst fólki hvarvetna.

Vissulega hefur margt breyst í árána rás. Í ár fögnum við Íslendingar hundrað ára fullveldi, meðal annars með ýmsum áhugaverðum viðburðum hér um slóðir. Árið 1918 bjó tæplega fjórðungur landsmanna í Reykjavík og næsta nágrenni. En það hlutfall hefur þrefaldast því nú búa þrír af hverjum fjórum

íbúum landsins á höfuðborgarsvæðinu og í nálægum sveitarfélögum sem eru í raun orðinn hluti af þeirri heild með tilliti til atvinnu og þjónustu.

Ekki er að undra að stundum heyrist talað um skýra skiptingu þjóðarinnar, í landsbyggðarfólk og höfuðborgarbúa. Stundum er sú umræða með neikvæðum tón, sagt að sérfræðingarnir að sunnan viti ekkert í sinn haus, eða á hinn kantinn að kvartað sé undan kostnaði við samgöngur og þjónustu í fámennum bæjum og sveitum „úti á landi“. Við þurfum auðvitað að hefja okkur yfir fordóma og sleggjudóma og horfast í augu við staðreyndir. Það er munur á landsbyggð og höfuðborgarsvæði og það er hægur leikur að finna galla á því að búa fjarri þungamiðjunni við Faxaflóa. Erfiðara getur verið að sækja heilbrigðisþjónustu og langskólanám, menningarlíf og atvinnutækifæri ekki alltaf eins fjölbreytt.

En svo eru það kostirnir. Ég nýt þeirra forréttinda að fá send héraðs- og bæjarblöð hvaðanæva af landinu. Í hverri viku má lesa fréttir og frásagnir um kraftinn í fólkinu, jákvæðni, bjartsýni, frumkvöðlastarf, frábærar hugmyndir, nýjungar, ekki síst í gamalgrónum atvinnuvegum, ást á landinu, væntumþykju um sveitina sína, þorpið sitt, héraðið sitt. Við Íslendingar eigum góðan málshátt: Glöggt er gests augað. Fyrir um ári birtist í einu blaðanna héðan úr Austfirðingafjórðungi skemmtilegt og fróðlegt viðtal við útlending sem flutti hingað og naut lífsins. „Landslag og náttúra Austurlands eru svo mögnuð,“ sagði gesturinn: „Hið víðáttumikla hálendi, firðirnir og fjörurnar, hafið og útsýnið af fjöllumunum. Svæðið er svo opið, það er hægt að sjá svo langt.“

Og svo er það fólkið: „Eitt af því sem mér finnst best við Austurland,“ hélt viðmælandinn áfram, „er tilfinningin sem fylgir því að tilheyra samfélagi ... Fólk gerir ýmislegt saman og það tekur alltaf vel á móti þeim sem vilja bætast í hópinn.“ Þessa samstöðu og þennan hlýhug dró frásögumaður svo saman í þessum orðum: „Mér finnst andrúmsloftið opið og auðvelt að kynnast fólki. Það er gestrisið og vingjarnlegt, það er nátengt samfélaginu og lætur sig hvert annað varða.“

Undir þessi orð tókum við Eliza, og allt okkar föruneyti. Hingað er gott að koma, við óskum Héraðsbúum farsældar í bráð og lengd. Auðvitað bíða ýmsar áskoranir og ágreiningsefni, hindranir og jafnvel áföll. En hér eru sóknarfæri og úrræði, auðlindir ærnar og fegurð íslenskrar náttúru í öllu sínu veldi sem laðar til sín ferðamenn. Mestu varðar þó um mannauðinn og að íbúum sé gert kleift að sýna hvað í þeim býr. Samfélagssáttmáli okkar sem búum á þessu landi þarf að

snúast um það að allir geti notið sömu grundvallarréttinda í okkar velferðar-, heilbrigðis- og menntakerfi, óháð því hvar þeir búa á landinu.

Ágætu áheyrendur: Um leið og við horfum fram á veg skulum við ekki gleyma því liðna, þeim sagnaauði og menningararfi sem héraðið ykkar býr yfir. Hér er sögusvið Íslendingasagna og þátta, hér hafa merk skáld, rithöfundar og alþýðufræðimenn átt sinn heimavöll. Hér hefur fólk í aldanna rás ofið saman þræði í þann sameiginlega streng sem er milli hins liðna og samtíðar okkar Íslendinga. Og því munum við halda áfram.

Á mínum æskuárum söng Spilverk þjóðanna „Nei sko, nei sko, hvað svo?“ Já, hvað svo? Kannski fór rafmagnið af og sjónvarpið datt út hér eystra. En áfram söng Spilverkið: „Á Gagnheiði er viðgerð hafin.“ Seinna komu Dúkkulísurnar fram hér eystra og sungu um svarthvítu hetjuna, hvernig hún væri í lit. Um okkar daga á ungt fólk kannski erfitt með að átta sig á því hvað átt er við með þeim orðum en tónlistin hefur sig yfir landamæri tíma og rúms.

Í kvöld höfum við þegar notið ljúfra tóna nemenda frá tónlistarskólunum á Egilsstöðum og í Fellabæ, og meira er senn í boði. Já, sumt breytist, annað stenst tímans tönn. Í Árbók Ferðafélags Íslands um Úthérað og nærsveitir vitnar höfundur, Hjörleifur Guttormsson, í Íslandslýsingu Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 1772, orð þeirra um Fljótsdalshérað. Hjörleifur skrifaði: „Frá þeim tíma að þessi lýsing var færð í letur hefur margt breyst á Héraði bæði fyrir tilverknað náttúruafla og af mannavöldum.“ Þannig er það og þannig mun það vera. En takið eftir, kæru vinir, að höfundur sagði „margt breyst“, ekki „allt“. Um leið og ég ítreka þakkir og kveðjur okkar hjóna vitna ég í lokin með ánægju í upphafsorð Eggerts og Bjarna um ykkar heimaslóðir: „Sumir halda því fram, að Fljótsdalshérað sé fegursta og besta hérað á öllu Íslandi.“